

SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Bryndís Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vottun þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Á fundi stafræns ráðs þann 22. janúar 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 5. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um tilgang þjónustu og nýsköpunarsviðs að fá vottun fyrirtækis í Bandaríkjunum á vinnustaðamenningu sviðs hjá Reykjavíkurborg? Er þjónustu og nýsköpunarsvið að hefja leit að starfsfólki erlendis frá? Eru öll svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar að sækjast eftir þessari vottun frá Bandaríkjunum eða bara þjónustu og nýsköpunarsvið? Hver er kostnaðurinn við undirbúning þessarar vottunar og hversu margt starfsfólk kemur að þeirri vinnu og hversu miklum tíma starfsfólk er nú þegar búið að varið í þetta atriði? Einnig er spurt um hversu margir starfsmenn sviðsins muni ferðast til Bandaríkjanna á kostnað borgarbúa til þess að taka á móti þessari viðurkenningu ef af verður?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 4. febrúar 2025.

Svar:

Markmið vottunarinnar er að styrkja ímynd sviðsins, efla stolt starfsfólks, bæta starfsánægju, tryggð og frammistöðu, draga úr starfsmannaveltu og gera sviðið sýnilegra á vinnumarkaði. Engin áform eru um að hefja markvissa leit að starfsfólki erlendis frá og ekki liggur fyrir hvort önnur svið eða skrifstofur Reykjavíkurborgar hyggist sækja um vottunina.

Undirbúningur vottunarinnar var að mestu í höndum tveggja starfsmanna og tók um eina vinnuviku. Áætlaður kostnaður er minni en sá sem fylgir auglýsingu og ráðningu eins nýs starfsmanns.

Enginn starfsmaður á vegum þjónustu- og nýsköpunarsviðs mun ferðast til Bandaríkjanna, né annað, til að taka á móti viðurkenningu vegna vottunarinnar.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Bryndís Kristjánsdóttir,
mannauðsstjóri